



Reykjavík 15. febrúar 1995

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 118 / 1156*

*komudagur 15/2 1995*

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Ágústa H. Lárusdóttir  
Þórshamri v/Templarasund.

Varðar frumvarp til laga um neyðarsímsvörun.


Fyrir hönd Slökkviliðs Reykjavíkur fagna ég framkomnu frumvarpi um neyðarsímsvörun. Um alllangt skeið hefur verið unnið að því af hálfu Reykjavíkurborgar að koma á einu samræmdu neyðarnúmeri eða allt frá árinu 1986. Málið hefur alltaf strandað á því að enginn einn aðili í stjórn-sýslunni fór með málið heldur heyrði það undir ein 5 ráðuneyti. Í frumvarpinu er nú tekið á þessu máli þar sem þessi málaflokkur skal heyra undir dómsmálaráðuneytið. Jafnframt er tekið á mikilvægum þáttum eins og leyfi fyrir segulbandsupptökum símtala, þagnarskyldu starfsmanna o.fl. sem ekki hefur legið nógu ljós fyrir.

Í Reykjavík hafa þessi mál verið í öruggum farvegi þar sem Lögreglan í Reykjavík og Slökkvilið Reykjavíkur hafa sinnt þessari símsvörun, þó reyndar með tveimur símanúmerum. Þetta er því fyrst og fremst til hagsbóta fyrir landsbyggðina en þar eru þessi mál víða í ólestri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti samið við hvort heldur er opinbera aðila eða einkaaðila um rekstur vaktstöðvarinnar. Tel ég það ákaflega mikilvægt að það sé ekki bundið í lögin hver reki vaktstöðina né heldur rekstrarfyrirkomulag hennar. Ég legg því áherslu á að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Þegar hefur verið lögð mikil vinna í væntanlegan verksamning sem gæti orðið grundvöllur útboðs. Eins eru þeir aðilar sem þessum málum sinna í dag í óformlegum viðræðum um samstarf. Náist slíkt samstarf fram tryggir það tvímælalaust hagkvæmni í rekstri jafnframt því að reynsla þeirra aðila sem þessu sinna í dag kæmi inn í hina nýju vaktstöð en slíkt tel ég ákaflega mikilvægt.

Virðingarfyllst,

  
Hrólfur Jónsson,  
slökkviliðsstjóri.